

**19. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
6. maí 2021, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Þorbergur Kjartansson, Sigurðís Samúelsdóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Umsókn um byggingarleyfi, Langeyrarvegur 19 - 2105002**

Tekin fyrir fyrirspurn frá Alexander Bjarka Svavarssyni þar sem spurst er fyrir hvort heimilt sé að setja niður 29 fermetra hús skv. meðfylgjandi myndur niður á lóð við Langeyrarveg 19.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir 29 fermetra byggingu á byggingarreit við Langeyrarveg nr. 19 og heimilar fyrir sitt leyti að byggingin nái út fyrir byggingarreit til austurs enda hefur það engin áhrif á nærliggjandi lóðir.*

*Samþykkt*

**2. Umsókn um graftrar- og framkvæmdaleyfi - 2105001**

Tekið fyrir bréf frá Birni Oddssyni dags. 1. maí 2021 þar sem óskað er eftir graftrar- og framkvæmdaleyfi fyrir jarðvegskönnun og greftri fyrir undirstöðum á rannsóknarsetri, fráveitu og vatnsbólís ásamt lagfæringu á vegslóða að byggingarstað í Fólafæti.

*Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja graftrar- og framkvæmdaleyfi enda er framkvæmdin í samræmi við deiliskipulag svæðisins.*

*Samþykkt*

**3. Beiðni um umsögn v.lax og regnbogaeldi í Ísafjarðardjúpi - 2102011**

Lagður fram tölvupóstur frá Tinnu Jónsdóttur frá Skipulagsstofnun dags. 3. maí 2021 um niðurstöðu Skipulagsstofnunar vegna áforma um eldi á regnbogasilungi samhliða eða í staðinn fyrir laxeldi í sjókvíum Háafells í Ísafjarðardjúpi skili ekki háð mai á umhverfisáhrifum.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**4. Almenningsamgöngur - 2102007**

Tekið fyrir að nýju erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga er varðar almenningsamgöngur og eflingu almenningsamganga á norðanverðum Vestfjörðum. Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. febrúar sl.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að gerð verði tilraun í sumar og fram á næsta vetur með samningi við leigubíl eða rútu eftir fjölda farþega.*

*Ferðir verði ca. á eftirfarandi tímum*

*Frá Súðavík kl 7:30, 15:00, 17:30*

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar  
06.05.2021

Ísafirði kl. 14:30 og 17:00


Sveitarstjóra falið að vinna tillöguna með Vestfjarðarstofu.

Samþykkt

Fundi slitið kl. .

  
Anna Lind Ragnarsdóttir

  
Hulda Gunnarsdóttir

  
Þorbergur Kjartansson

\_\_\_\_\_  
Sigurdís Samúelsdóttir

  
\_\_\_\_\_